

**2. bekkur - Námsgrein: STÆRÐFRÆÐI - Kennari: Elfa Björk Ellertsdóttir - Tíma fjöldi: 6 tímar á viku**

Námsgögn: Sproti 1A og 2A nemendabækur og æfingahefti, Stærðfræðispæjarar, Í undirdjúpunum og annað efni frá kennurum

Lykilhæfni:**Tjáning og miðlun**

Geti skráð, búið til og lesið úr súluriti og tölvu og nýtt sér upplýsingarnar.

Skapandi og gagnrýnin hugsun:

Geti skipulagt aðferðir við úrlausn verkefna og gert sér grein fyrir möguleikum á fleiri en einni niðurstöðu.

Sjálfstæði og samvinna:

Geti unnið eftir fyrimælum, gert sér grein fyrir styrkleikum sínum, unnið með öðrum og tekið leiðsögn á jákvæðan hátt

Nýting miðla og upplýsinga:

Geti leitað sér upplýsinga í námi í ólíkum miðlum.

Ábyrgð og mat á eigin námi:

Geti gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hvar er hægt að gera betur.

Grunnþættir:

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex. Unnið er með alla þessa þætti, en þó mismikið eftir árgöngum: *læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð, sköpun*. Sjá nánar í skólanámskrá Landakotsskóla.

Lokanámsmat í samræmi við hæfniviðmið aðalnámskrár.

Í Landakotsskóla er leitast við að námsmat sé leiðbeinandi og nái utan um fjölbreytta hæfni nemenda. Í megindráttum er endurgjöf og námsmat til nemenda með tvenns konar hætti:

- *í formi óformlegs námsmats í gegnum samtal, hvatningu og leiðsögn í kennslustundum sem byggt er á skýrum markmiðum sem eru nemendum ljós.*
- *með formlegri hætti með ólíkum verkefnum sem nemandi vinnur ýmist í skólanum eða sem heimaverkefni. Nemendur sýna hæfni sína með ritgerðum, kynningum, munnlegum, verklegum eða skriflegum prófum, leikþáttum, stuttmyndum, framsöguverkefnum myndverkum eða dansverkum þar sem styrkleikar nemenda geta notið sín. Í þessum verkefnum fá nemendur formlegri endurgjöf sem getur verið í formi einkunnarorða, bókstafa, prósentutölu, stigagjafar eða umsagnar. Nemendur vinna einnig sjálfsmat og jafningjamat með sambærilegum hætti. Námsmatið er grundvallað á þeim hæfniviðmiðum sem unnir er með hverju sinni.*



Náms- og kennsluáætlun

Skólaárið 2025-2026

Hæfniviðmiðin eru sá grundvöllur sem náms- og kennsluaðferðir og námsmat byggjast á.

- Hæfniviðmiðin skýra fyrir nemendum til hvers er ætlast af þeim og leiðbeina við námið, hvetja og auka skilning á tilgangi námsins.
- Hæfniviðmiðin hjálpa kennurum að gera sér skýra grein fyrir því hvað það er sem þeir vilja að nemendur nái tökum á varðandi þekkingu og leikni.
- Hæfniviðmiðin hjálpa kennurum að velja hentugar kennsluaðferðir og skilgreina hvernig meta skuli árangur og hvort tiltekinni hæfni sé náð.

Námsþættir	Hæfniviðmið	Náms-og kennsluaðferðir	Námsmat
Að geta spurt og svarað með stærðfræði - Að kunna að fara með tungumál og verkfæri stærðfræðinnar -Vinnubrögð og beiting stærðfræðinnar	Geti unnið einn og í samvinnu við aðra. Skilji sjálfur leiðina sem hann notar við lausn og geti útskýrt hana fyrir öðrum. Geti skráð lausnaleyðir sínar. Geti nýtt sér fjölbreytt hjálpargögn við lausnir verkefna. Kynnist faginu í gegnum fjölbreyttar kennsluaðferðir. Geti tekið þátt í umræðum um stærðfræði, um lausnir og leiðir til lausna.		
Tölur og reikningur	Geti unnið á fjölbreyttan hátt með tölur frá 1-100. Þekki tölutáknin og gildi þeirra. Geti lagt saman og dregið frá.		
Algebra	Þekki fjölbreyttar mynsturgerðir og geti haldið áfram með mynstur. Þekki talnarunur og geti haldið áfram með þær.		
Rúmfræði og mælingar	Þekki og geti unnið með öll grunnformin. Geti teiknað einfaldar myndir í rúðunet. Geti unnið með klukku út frá heilum og hálfum tíma. Geti borið saman niðurstöður mismunandi mælinga og túlkað niðurstöður sínar. Geti mælt á einfaldan hátt lengd, hæð og vökva.		



Náms- og kennsluáætlun

Skólaárið 2025-2026

	Geti stækkað og minnkað myndir. Þekki speglunarás. Geti mælt á einfaldan hátt lengd, hæð og vökva. Geti stækkað og minnkað myndir.ekki speglunarás.		
<i>Tölfræði og líkindi</i>	Geti skráð, búið til og lesið úr súluriti og tölvu og nýtt sér upplýsingarnar. Þekki og geti notað hugtökin hæsta/lægsta, mikið/lítið og flestir/fæstir.		

ANNARÁÆTLUN				
Tímabil	Viðfangsefni	Námsefni	Dagsetni ng mats	Annað
Ágúst - desember 2024	Tölurnar 0-20 Samlagning og frádráttur með tölum upp í 20 Tölfræði Lengdarmælingar Tölur upp í 100	Sproti 2a nemendahefti Sproti 2a æfingahefti Stærðfræðispæjarar Í undirdjúpunum - samlagning og frádráttur		Lotu próf í lok hvers kafla

Áskilinn er réttur til breytinga á áætlun og námsmati.